



Reykjavík, 11. júní 2025

USK24070182

ERINDISBRÉF

Tilraunaverkefni um kjarnasamfélög

Ábyrgðarmaður:

Ólöf Örvarsdóttir

Inngangur:

Á borgarstjórnarfundi þann 4. mars 2025 var aðgerðaráætlun nýs meirihluta Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögð fram á grundvelli samstarfsfyrirlýsingar. Á þeim fundi var samþykkt tillaga um að fela umhverfis- og skipulagsráði að greina mögulega staðsetningu fyrir tilraunaverkefni um kjarnasamfélög (e. co-housing) og móta ramma í kringum tilraunaverkefnið.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að fylgja eftir tillögu meirihluta borgarstjórnar og móta ramma um grunnvinnu verkefnisins um tilraunaverkefni um kjarnasamfélög í Reykjavík.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skilgreina hugtök og fjölbreytileika kjarnasamfélaga út frá rekstrarlegum, samfélagslegum og umhverfislegum forsendum.
- Móta ramma í kringum tilraunaverkefni um kjarnasamfélög í samráði við Kjarnasamfélag Reykjavíkur um skipulag híbýla, fyrirkomulag búsetunnar og eignahald.
- Greina mögulega staðsetningu fyrir tilraunaverkefni um kjarnasamfélög. Lagt er upp með að leggja til 2-3 lóðir út frá ólíkum forsendum kjarnasamfélaga.
- Afrakstur greiningarvinnu verður kynnt í lok ágúst eða byrjun september og tillögur um framhaldspróun fyrir verkefnið.

Starfshópin skipa:

Hjördís Sóley Sigurðardóttir (formaður), teymisstjóri húsnæðisáttaks á skrifstofu sviðsstjóra.

Þórhildur Bryndís Guðmundsdóttir, skrifstofa sviðsstjóra.

Ólavía Rún Grímsdóttir, skrifstofa sviðsstjóra.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Margrét Lára Baldursdóttir (starfsmaður), skrifstofa sviðsstjóra.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig



Reykjavík



ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skilar ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok september 2025.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Tillaga Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um tilraunaverkefni um kjarnasamfélag, samþykkt í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. mars 2025.



Reykjavík